

Reiðmaðurinn

Nám í reiðmennsku og hrossarækt!

Reiðmaðurinn er heiti á námskeiðsröð sem ætluð er fróðleiksfúsu hestafólki. Námið er tilvalið fyrir þá sem vilja auka færni sína í reiðmennsku og þekkingu á hrossarækt og almennu hestahaldi. Reiðmaðurinn er á vegum Endurmenntunar Lbhí.

Reiðmaðurinn er tveggja ára nám, sem hægt er að taka samhliða vinnu eða öðru námi. Bóklegi hlutinn er tekinn í fjarnámi. Fjórar verklegar helgar eru á hverri önn.

Megináhersla er lögð á reiðmennsku. Einnig er fjallað um almenn atriði sem snúa að hrossarækt og almennu hestahaldi, s.s. fõðrun, frjósemi og kynbætur.

Námið er metið til 33 ECVET-eininga á framhaldsskólastigi og lýkur námskeiðsröðinni með sérstakri viðurkenningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri.

Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands sér um framkvæmdina en auk Lbhí koma Landssamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda að náminu.

Umsóknafrestur er til 6. ágúst 2010. Nánari upplýsingar á endurmenntun@lbhi.is

Kynntu þér Reiðmanninn á vef Landbúnaðarháskóla Íslands! www.lbhi.is/namskeid



Boðið fram á Héraði, Akureyri, Borgarfirði, höfuðborgarsvæðinu og Flúðum.

